

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Iðu við Vörðufell, lóð nr. 9.*  
Í breytingunni felst að lóð nr. 9 stækkar úr 5.400 m<sup>2</sup> í 7.400 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2012.
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugaráss, Hverbrekka 8.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 56 m<sup>2</sup> lóð, Hverbrekku 8, undir u.p.b. 5 m<sup>2</sup> spennistöð ásamt aðkomu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2012.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Hrísbraut úr landi Drumboddsstaða.*  
Í breytingunni felst að lóðinni Hrísbraut 4 verði skipt í tvær lóðir, Hrísbraut 4a og 4b. Einnig er gert ráð fyrir að skilmálar breytist þannig að á hverri lóð verði byggingarmagn miðað við nýtingarhlutfallið 0,03, mænisstefna verði frjáls og að hámarksmaðnushæð frá jörðu verði 6 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 10. september 2012.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2012